



Starfsreglur Starfsþróunarsjóðs prófessora

1. Um sjóðinn, rétt sjóðfélaga o.fl.

1.1 **Um sjóðinn og markmið.** Starfsemi sjóðsins byggir á samþykkt um Starfsþróunarsjóð prófessora sem stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla samþykkti 3. apríl 2012.

Markmið Starfsþróunarsjóðsins er að bæta möguleika félagsmanna til að sækja ráðstefnur, sinna rannsóknum og auka möguleika til rannsóknasamstarfs. Ennfremur er það markmið sjóðsins að styðja skóla og stofnanir þeirra til að gera prófessorum kleift að vinna að verkefnum sem fara saman við markmið beggja á þessum vettvangi.

1.2 **Starfsþróunarsjóður prófessora** er Félags prófessora við ríkisháskóla.

1.3 **Rétt til að sækja um styrki í sjóðinn** hafa prófessorar við ríkisháskóla, ríkisháskólar og stofnanir þeirra.

1.4 **Fæðingarorlof.** Sjóðfélagar njóta óskertra réttinda í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, ef greitt er stéttarfélagsgjald af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði til stéttarfélags.

1.5 **Forgangur.** Ef sjóðspurrð verður eða sjóðurinn stendur illa miðað við tekjur og væntanlegar skuldbindingar að mati sjóðsstjórnar skulu þeir njóta forgangs sem aldrei hafa hlotið fyrirgreiðslu hjá sjóðnum. Ef þá er enn þörf á forgangsörðun er sjóðsstjórn heimilt að gefa fræðilegri verkefnum forgang umfram önnur.

2. Afgreiðsla umsókna

Stjórn sjóðsins fer yfir og afgreiðir umsóknir, sker úr um vafaatriði, t.d. um sjóðsaðild eða styrkhæfi umsókna og tekur á öðrum málum sem upp kunna að koma. Hún kemur eigi sjaldnar saman en þrisvar sinnum á ári, í janúar, júní og október.

3. Umsækjendur

3.1 **Prófessorar hjá ríkisháskólum** geta sótt um styrk úr sjóðnum vegna verkefna, sem um getur í tölulið 4.

3.2 **Prófessores emeriti.** Prófessor á eftirlaunum, sem vinnur enn við rannsóknir á vegum síns háskóla getur sótt um styrk til ráðstefnuferðar í tvö ár eftir að hann fer á eftirlaun.

4. Styrkhæfi verkefna

4.1 **Inntak verkefnis.** Verkefni þarf að jafnaði að varða annað hvort starf eða fagsvið sjóðfélaga til að vera styrkhæft. Starfsþróunarsjóður prófessora leggur áherslu á styrki til a) ráðstefnuferða, b) rannsóknamissera þar sem viðkomandi háskóli greiðir ekki

allan ferðakostnað, c) rannsóknasamstarfs við erlenda háskóla og rannsóknastofnanir og d) rannsóknir við erlendar stofnanir sem eru hluti af rannsóknum prófessorsins. Tímstundanámskeið eru ekki styrkhæf. Sjóðsstjórn metur vafatilvik.

4.2 Hvað er styrkt. Sjóðfélagar geta fengið styrk vegna útlagðs ferðakostnaðar (flugfargjalda eða aksturskostnaðar), hótél- og gistikostnaðar, námskeiðs- og ráðstefnugjalda.

4.3 Hvað er ekki styrkt. Sjóðurinn styrkir ekki ferðir innan borga eða sveitarfélaga, launatap né kostnað við öflun námsgagna.

4.4 Styrkfjárhæð. [Hámarksupphæð styrkja miðast við 400.000 kr. á hverjum 12 mánuðum.]¹ Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum.

4.5 Ákvæði til bráðabirgða. Þeir sem hafa fengið úthlutaða styrki samkvæmt fyrri ákvæðum um 100.000 kr. hámark, geta sótt aftur, innan tveggja ára frá fyrri úthlutun í samræmi við lið 4.4.

5. Umsóknir, frágangur þeirra og afgreiðsla

5.1 Umsóknir. Umsóknareyðublöð ásamt upplýsingum um reglur sjóðsins liggja frammi hjá skrifstofu Félags prófessora við Hagatorg í Reykjavík og á heimasíðu félagsins (www.professorar.hi.is). Umsóknir, á þar til gerðum eyðublöðum, skal senda sjóðnum á heimili hans eða rafrænt á netfang fpr@hi.is. Sjóðfélagar skulu vanda frágang umsókna og tilgreina nákvæmlega hvernig þeir ætla að verja styrknum auk annarra atriða sem um er spurt á eyðublaðinu.

5.2 Skilafrestur. Umsóknum ásamt gögnum skal skila inn til sjóðsins fyrir fyrsta dag þess mánaðar þegar stjórn kemur saman (janúar, júní og október). Annars eiga sjóðfélagar ekki rétt á að umsóknin verði afgreidd á þeim fundi. Umsókn um styrk úr sjóðnum skal berast sjóðnum innan árs frá lokum verkefnis.

5.3 Afgreiðsla. Þegar fjallað hefur verið um umsóknina og hún afgreidd er niðurstaða tilkynnt með tölvuskeyti.

6. Styrkveitingar úr sjóðnum

6.1 Frumrit reikninga. Greiðslur úr sjóðnum fara að jafnaði fram gegn framvísun frumrits reiknings.

6.2 Staðfesting á verkefni. Auk framvísunar reiknings þarf að sýna fram á, t.d. með dagskrá eða þátttökulista að styrkurinn mæti kostnaði við verkefnið sem sótt er um. Staðfesting þarf að koma frá öðrum aðila en umsækjanda sjálfum. Nauðsynlegt er því að halda til haga öllum gögnum.

6.3 Útborgun styrks. Styrkir úr sjóðnum eru að jafnaði greiddir út í byrjun febrúar, ágúst og nóvember. Þegar styrkur hefur verið greiddur sjóðfélaga er afgreiðslan tilkynnt honum með tölvuskeyti.

¹ Breyttist í 400.000 kr. samkvæmt samþykkt stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla í desember 2015. Breytingin tekur gildi 1. janúar 2016. Var áður 370.000 kr. í samræmi við ákvörðun stjórnar Starfsþróunarsjóðs prófessora 31. janúar 2014, sbr. samþykkt stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla 5. febrúar 2014. Breytingin tók gildi 5. febrúar 2014.

6.4 **Styrktímabil.** [Styrktímabil er almanaksárið. Á því tímabili er hægt að veita einn eða fleiri styrki að hámarksupphæð.]²

6.5 **Tvígreiðsla eða ofgreiðsla styrks.** Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistök eins fljótt og hægt er. Ef sjóðfélagi hefur fengið tvígreiddan styrk eða ofgreidda styrkupphæð ber honum að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða sjóðnum þegar í stað þá hina ofgreiddu fjárhæð.

6.6 **Upplýsingar til skattfirvalda.** Í byrjun hvers árs eru sendar upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkupphæðum næstliðins árs.

7. Hlé eða rof á sjóðsaðild

7.1 **Launalaust leyfi.** Sjóðfélagi í launalausum leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu 6 mánuði að öðrum skilyrðum uppfylltum.

7.2 **Atvinnuleysi.** Sjóðfélagar sem orðið hafa atvinnulausir geta sótt um og fengið styrk úr sjóðnum samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. **Skilyrði.** Umsækjandi skal hafa átt aðild að sjóðnum í a.m.k. eitt ár sbr. töluliður 1.3 og að ekki séu liðnir meira en 12 mánuðir síðan hann missti vinnuna.

b. **Ferli umsókna.** Um form og afgreiðslu umsókna atvinnulausra gilda að öðru jöfnu sömu starfsreglur og um sjóðfélaga og styrkveitingar til þeirra.

7.3 **Annað rof á aðild.** Stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni hvort og hvernig meta skuli eldri sjóðsaðild til að brúa rof á aðild. Rof á aðild getur þó aldrei verið lengra en 4 mánuðir.

8. Málskotsréttur

Ef sjóðfélagi er ósáttur við afgreiðslu sjóðsins á styrkumsókn sinni og fylgigögnum á hann ávallt rétt á að vísa erindi sínu á ný til stjórnar sjóðsins. Verður afgreiðslan þá tekin upp á næsta fundi stjórnar.

9. Gildistökuákvæði

Reglur þessar eru samþykktar í stjórn sjóðsins 18. september 2012 og taka gildi við birtingu á heimasíðu Félags prófessora við ríkisháskóla.

F.h. stjórnar Starfsþróunarsjóðs prófessora

² Breyting samkvæmt ákvörðun stjórnar Starfsþróunarsjóðs prófessora 8. júlí 2015 og samþykkt stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla 20. ágúst 2015. Breytingin tekur gildi 1. janúar 2016.